

Rekstrarvörur  
Réttarhálsi 2  
110 Reykjavík

Reykjavík, 14. mars 2022  
UST202112-058/B.B.B.  
07.05.02

### **Niðurstaða eftirlits í kjölfar ábendingar – Kröfur um úrbætur**

Umhverfisstofnun barst ábending um að handsóttthreinsir sem væri til sölu í verslun Rekstrarvara uppfylli mögulega ekki skilyrði efnalaga nr. 61/2013. Stofnunin fór í eftirlit í Rekstrarvörur þann 4. mars sl. til að kanna hvort handsóttthreinsar sem væru þar til sölu uppfylltu skilyrði um merkingar og umbúðir skv. reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna og reglugerð nr. 878/2014 um sæfivörur.

Fjórar vörur féllu undir umfang eftirlitsins og þar af voru þrjár þeirra sem ekki uppfylltu kröfur um merkingar. Frávík frá gildandi reglum, sem fram komu í eftirlitinu, eru tilgreind í meðfylgjandi eftirlitsskýrslu.

**Umhverfisstofnun veitir Rekstrarvörum ehf. frest til 28.3.2022 til að senda stofnuninni afrit af uppfærðum merkimiðum fyrir eftirfarandi vörur:**

- **RV handspritt gel 85**
- **Plum Hånddesinfektion 85%**
- **Plum Hånddesinfektion 85% gel m/glycerol**

**Úrbætur skulu sendar með tölvupósti á opinbert netfang stofnunarinnar, [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is), merkt málsnúmerinu UST202112-058.**

**Umhverfisstofnun veitir Rekstrarvörum ehf. hér með frest til 21.3.2022 til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sbr. 13. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.**

Vakin er athygli á því að í samræmi við 5. mgr. 49. gr. efnalaga mun Umhverfisstofnun birta á vefsetri sínu upplýsingar um niðurstöður eftirlits og til hvaða úrræða stofnunin hefur gripið jafnóðum og ákvarðanir um slíkt liggja fyrir. Bréf þetta og meðfylgjandi eftirlitsskýrsla verða birt á vefsetri stofnunarinnar þann 21.3.2022. Telji fyrirtækið að efni í bréfinu eða eftirlitsskýrslunni varði hagsmuni sem njóta eigi leyndar skal fyrirtækið tilkynna um það til Umhverfisstofnunar með rökstuðningi fyrir 21.3.2022.

Umhverfisstofnun vekur einnig athygli á því að samkvæmt XIII. kafla efnalaga er stofnuninni heimilt að beita þvingunarúrræðum til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt lögnum, til að mynda með áminningu sbr. 55. gr., álagningu dagsektá sbr. 56. gr. og stöðvun markaðssetningar sbr. 57. og 58. gr.

Jafnframt er vakin athygli á því að samkvæmt gjaldskrá fyrir verkefni og þjónustu Umhverfisstofnunar nr. 535/2015 innheimtir stofnunin tímagjald vegna eftirfylgni eftirlits og beitingar þvingunarúrræða, sbr. 30 gr. gjaldskrárinnar.

Upplýsingar um markaðssetningu sæfivara og kröfur er varða flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna má finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar <https://ust.is/atvinnulif/efni/saefivorur/> og <https://ust.is/atvinnulif/efni/flokkun-merking-og-umbudir/>.

Fyrirtækinu er velkomið að leita til stofnunarinnar til að fá nánari upplýsingar um sæfivörur og hættuflokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna í síma 591-2000. Nánari upplýsingar um efni bréfsins eða meðfylgjandi eftirlitsskýrslu veitir Bergdís Björk Bæringsdóttir í síma 591-2000 eða í gegnum netfangið [bergdisbb@ust.is](mailto:bergdisbb@ust.is).

Virðingarfyllst

Bergdís Björk Bæringsdóttir  
sérfræðingur

Fífa Konráðsdóttir  
sérfræðingur

Meðfylgjandi: Eftirlitsskýrsla